

stefnanda til bifreiðanota í þágu atvinnu sinnar, og með hliðsjón af því, sem telja má upp komið í málinu, þykja bætur fyrir notamissinn hæfilega ákveðnar kr. 650.00.

Úrslit gagnsakar verða því þau, að gagnstefndi verður dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 650.00 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 225.00.

Dóm þenna hafa kveðið upp þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgar-dómara, og meðdómsmennirnir Einar Eyfells vélaverkfræðingur og Gunnar Gunnarsson bifvélavirki.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Þórður Runólfsson, aðalstefnanda, h/f Ræsi, kr. 7.408,28 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1947 til greiðslu-dags og kr. 900.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 650.00 með 6% ársvöxtum frá 24. nóvember 1947 til greiðsludags og kr. 225.00 í máls-kostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Nr. 158/1948. **Sigurjón Pétursson** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Nielsi Guðmundssyni og gagnsök

(Hermann Jónasson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Eignarréttur að jörð. Ýmiss konar skuldaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóv. 1948 og gert í því eftirfarandi kröfur:

Aðallega, að dæmt verði, að jörðin Helgafell í Mosfellssveit með húsum og öðrum mannvirkjum, sem henni fylgja, sé óskipt helmingasameign aðilja máls þessa. *Til vara*, að gagn-

áfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 45.022.05 með 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir undirrétti og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. nóv. 1948. Krefst hann þess *aðallega*, að gagnáfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrétti og Hæstarétti, *til vara*, að undirréttardómurinn verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þó að í öndverðu hafi verið uppi ráðagerðir um það, að gagnáfrýjandi yrði eigandi að Helgafellinu ásamt aðaláfrýjanda eða syni hans, þá var samt afsal fyrir jörðinni gefið út á nafn gagnáfrýjanda, og verður ekki annað séð en hann hafi mátt ráða af öllum síðari skiptum sínum við aðaláfrýjanda, að aðaláfrýjandi væri orðinn því afhuga að gerast sameigandi hans að jörðinni. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um aðalkröfu aðaláfrýjanda. Þá ber og með skírskotun til raka héraðsdóms að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar varakröfu aðaláfrýjanda, þó svo, að vextir af kr. 17.000.00 frá 20. nóv. 1941 til 5. okt. 1945 verða dæmdir með kr. 3952.50 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Samkvæmt því ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 3963.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Níels Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Sigurjóni Péturssyni, kr. 3963.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ. m., hefur Sigurjón Pétursson verksmiðjueigandi, Álafossi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 26. þ. m., gegn Nielsi Guðmundssyni bónda, Helgafelli, Mosfellssveit.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að jörðinni Helgafelli í Mosfellssveit með öllum gögnum og gæðum svo og áhöfn, 16 fullgildum kúm og 60 fjár. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að hálfri nefndri jörð *aðallega* með allri nefndri áhöfn, en *til vara* með hálfri nefndri áhöfn. Til *þrautavara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér 45.022.05 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómarans með 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags. Í öllum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Mál um sama efni og milli sömu aðilja var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 20. nóv. 1945, og dæmt þar hinn 25. nóv. 1946. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, en með dómi, upp kveðnum 26. þ. m., var nefndur bæjarþingsdómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málsatvik eru þau, að hinn 10. marz 1925 undirrituðu þeir Helgi nokkur Helgason og stefndur í máli þessu byggingarbréf fyrir jörðinni Helgafelli í Mosfellssveit svo og fjórum kúgildum. Jörðin er þar talin byggð stefndum til lífstíðar, og skyldi afgjald vera kr. 1200.00 á ári hverju.

Með kaupsamningi og afsali, dagsettu sama dag, selur nefndur Helgi stefndum eignarjörð sína Helgafell með öllum gögnum og gæðum svo og fjórum kúgildum fyrir kr. 25.000.00. Kaupverðið skyldi greiðast þannig, að stefndur tók að sér greiðslu á eftirtöldum veðskuldum:

I. Veðskuld við Veðdeild Landsbankans, er tryggð var með fyrsta veðrétti í jörðinni, að fjárhæð kr. 1652.20.

II. Veðskuld við sýslusjóð Kjósarsýslu, að fjárhæð kr. 2000.00, er tryggð var með öðrum veðrétti í jörðinni.

III. Veðskuld við Boga A. J. Þórðarson, að fjárhæð kr. 3000.00, er tryggð var með þriðja veðrétti í jörðinni.

Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 18.847.80, eru taldar greiddar í peningum við undirskrift afsalsins. Þó munu seljanda aðeins hafa verið greiddar kr. 5000.00 í reiðu fé, en stefndur tekið að sér að greiða skuld seljanda við þriðja mann, að fjárhæð kr. 13.847.80. Sama dag undirritar stefndur veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 13.847.80, tryggt með fjórða veðrétti í Helgafelli, og er bréf þetta nafnbref. Stefndur flutti síðan á Helgafell í fardögum 1925 og hefur búið þar síðan.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi kynnt stefndum á árinu 1919, en þeir hafi átt sameiginleg hugðarefni. Stefndur hafi um þetta leyti verið maður blásnaður og haft fyrir þungu heimili að sjá. Hafi stefndur starfað sem „miðill“ fyrir sig, og kveðst stefnandi hafa greitt honum fullt verkamannakaup fyrir. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa hjálpað stefndum til að byggja hús að Bragagötu 26 hér í bæ. Síðar hafi stefndur selt það hús og byggt hús við Bragagötu 26 A, einnig með sinni fjárhagshjálpi. Þannig hafi hann orðið að gefa stefndum eða dóttur hans kr. 2000.00, svo að það hús kæmist upp. Á árinu 1922 hafi stefndur hætt störfum sem „miðill“ í sína þágu eða Tilraunafélagsins Njáls, en stefnandi virðist vera einn eigandi og ráðamaður þess félags. Vinátta hafi þó haldizt með þeim aðiljum, þannig hafi stefndur verið sér hjálplegur við að finna annan „miðil“ til að starfa með. Vorið 1925 hafi þann „miðil“ vantað stað til sumardvalar. Um þetta leyti hafi Helgi Helgason boðið sér jörðina Helgafell í Mosfellssveit til kaups. Kveðst stefnandi þá hafa ákveðið að kaupa jörðina og nota hana sem sumardvalarheimili fyrir „miðla“ sína eða Tilraunafélagsins Njáls. Hafi það orðið að samkomulagi við stefndan, að hann yrði talinn formlegur eigandi jarðarinnar til að byrja með, enda fengi hann að dveljast að Helgafelli með fjölskyldu sína, að minnsta kosti yfir sumartímann. Hafi síðan verið formlega gengið frá kaupunum hinn 10. marz 1925. Stefndur hafi verið talinn kaupandi, en hann hafi ekki greitt einn eyri af kaupverðinu. Þær kr. 5000.00, sem hafi verið greiddar, um leið og kaupin fóru fram, hafi hann (stefnandi) lagt til, en stefndur hafi gefið kvittun fyrir fé þessu til handa syni stefnanda, sem rætt hafi verið um, að yrði talinn eigandi jarðarinnar ásamt stefndum. Þá segir stefnandi, að nokkru áður sama dag hafi seljandi jarðarinnar gefið út byggingarbréf fyrir jörðinni til handa stefndum. Hafi það átt að vera til þess að tryggja stefndum dvöl á jörðinni í framtíðinni. Stefndandi kveðst hafa greitt þinglestrar- og stimpilgjald af nefndu afsali. Síðan hafi stefndur flutzt að Helgafelli, og kveðst stefnandi hafa lagt honum til starfsfólk og greitt því kaup. Þá kveðst stefnandi hafa lagt stefndum til ýmis bú-áhöld og fengið honum búfé, að minnsta kosti 16 kýr og 60 fjár. Hafi féð verið með marki sonar síns. Ekki hafi orðið af því, að stefndur flyttist til bæjarins um haustið 1925, og hafi hann búið á Helgafelli síðan. Telur stefnandi, að stefndur hafi átt að vera ráðsmaður sinn eða Tilraunafélagsins Njáls á Helgafelli. Skyldi kaup hans vera tekjur af búrekstrinum að frádregnum opinberum gjöldum, vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem á jörðinni hvíldu. Starfsfólki hafi verið greitt kaup að nokkru leyti af tekjum búans, en að nokkru leyti kveðst stefnandi hafa greitt það úr eigin vasa. Kveðst stefnandi þannig hafa lagt stórfé til búrekstursins svo og til nýbygginga og endurbóta á jörðinni. Hafi það aðallega verið á árunum 1925, 1926 og 1927. Auk þessa hafi hann orðið að hjálpa stefndum um fé til einkaþarfa. Sé sú skuld kr. 17.000.00, en stefndur hafi seinna samþykkt víxil fyrir þeirri fjárhæð.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að hann hafi í raun

og veru einn verið kaupandi jarðarinnar. Stefnur hafi aðeins verið talinn kaupandi, enda ekkert fé lagt fram til kaupanna og ekki komið nálægt samningum fyrr en við undirskrift þeirra. Telur stefnandi, að byggingarbréf það fyrir jörðinni, sem seljandi undirritaði til handa stefndum, hafi verið gert í þeim tilgangi að tryggja stefndum lífstíðarábúð á jörðinni, þar sem hann hafi vitað, að þótt hann væri talinn kaupandi, var svo ekki í raun og veru. Þá hefur stefnandi bent á, að seljandi jarðarinnar hafi talið, að stefnandi væri raunverulegur kaupandi jarðarinnar, en ekki stefndur.

Að því er áhöfnina varðar, þá kveðst stefnandi hafa fengið stefndum hana, sem hafi haft hana síðan, en ekki greitt fé fyrir.

Varakröfu sína, að því er jörðina varðar, byggir stefnandi á því, að sannað sé og enda viðurkennt af stefndum, að hann eða sonur hans hafi a. m. k. keypt jörðina að hálfu á móti stefndum. Beri sér því eignarréttur að henni hálfri. Að því er áhöfnina varðar, byggir stefnandi varakröfu sína að þessu leyti á því, að helmingur áhafnarinnar fylgi hálfri jörðinni.

Stefndur skýrir svo frá málavöxtum, að þeir aðiljarnir hafi kynnt á árinu 1919 og hafi tekizt með þeim vinátta. Kveðst stefndur hafa starfað með stefnanda að sameiginlegum hugðarefnum þeirra, en hefur mótmælt að hafa fengið greitt kaup frá stefnanda fyrir þá starfsemi. Stefnandi hafi verið sér mjög hjálplegur á ýmsan hátt, meðal annars aðstoðað sig við byggingu hússins að Bragagötu 26 A og gefið ungri dóttur sinni kr. 2000.00, er hafi gengið til byggingarinnar. Snemma á árinu 1925 hafi stefnandi komið að máli við sig og sagt, að jörðin Helgafell væri til sölu. Hafi stefnandi þá boðið sér að vera meðkaupandi að jörðinni. Stefnur kveður sig hafa langað til að búa í sveit, en hins vegar hafi fjárhagur sinn verið þröngur, en jörðin dýr. Hafi hann því fengið umhugsunarfrest til næsta dags. Þann dag hafi verið ákveðið, að hann keypti jörðina með öðrum manni, sem þá bæri einnig ábyrgð á öllum skuldbindingum, er risu af þessum skiptum. Helzt hafi verið talað um, að sonur stefnanda, Pétur að nafni, yrði meðeigandi að jörðinni. Stefnandi hafi lofað að lána þær kr. 5000.00, er greiða þyrfti strax. Hafi hann afhent sér fé þetta, en stefndur kveðst þó hafa undirritað kvittun fyrir fé þessu, dags. 9. marz 1925. Segir þannig í kvittun þessari: „Ég undirritaður, Niels Guðmundsson trésmiður, Bragagötu 26 A, Reykjavík, hef í dag móttakið af Pétri Sigurjónssyni, Álafossi, kr. 5000.00, — fimm þúsund krónur —, upp í jörðina Helgafell í Mosfellssveit, sem við kaupum í sameiningu eftir nánari samningum, er við gerum síðar.“ — Stefnandi hafi einn samið við seljanda jarðarinnar, og kveðst stefndur ekkert hafa við hann rætt um þessi skipti fyrr en á afsalsdegi. Er undirrita skyldi samninga, kveðst stefndur hafa séð, að hann einn var talinn kaupandi. Hafi hann haft á móti þessu, en stefnandi hafi sagt, að svo yrði að vera í bili, og hafi hann þá látið það gott heita. Þeir aðiljarnir, seljandi og maður sá, er aðstoðaði við samningagerðina, hafi ekki verið vissir um, hvort nægilega tryggilega hefði verið frá því gengið, að Mosfellshreppur hefði afsalað forkaupsrétti sínum að jörðinni. Hafi því verið tekið það ráð, að seljandi byggði fyrst stefndum jörðina.

Síðan var kaupsamningur og afsal undirritað, og stefndur greiddi nefndar kr. 5000.00 og fullnægðri samningum að öðru leyti. Stefndur kveðst síðan hafa tekið við jörðinni, flutzt á hana og nytjað hana síðan. Aldrei hafi neitt orðið úr því, að annar maður gengi inn í kaupin með honum. Kveðst stefndur síðan hafa selt á leigu af löndum jarðarinnar og veðsett hana óátalið af stefnanda. Stefndur skýrir svo frá, að búreksturinn hafi framan af gengið illa og hafi hann því oft verið í fjárþröng. Hafi hann því oft fengið lán hjá stefnanda og vegna búfjárkaupa aðallega á árunum 1925, 1926 og 1927. Sauðfé hafi í fyrstu verið markað með marki, er sonur stefnanda hafi átt, þar sem mark, er stefndur átti, fékkst eigi skráð vegna þess, hve líkt það var eldra marki þar í nágrenninu. Hins vegar kveðst stefndur hafa selt ýmsar búsafurðir.

Um áramót 1928 og 1929 hafi skuld sín við stefnanda þannig verið orðin kr. 17.000.00. Hafi stefnandi þá gefið út víxil fyrir skuld þessari, er stefndur kveðst að vísu ekki hafa samþykkt. Vextir hafi verið greiddir af skuld þessari. Um veturinn 1934 hafi stefnandi verið að semja fyrir sig skatt-skýrslu sína. Hafi þá komið í ljós, að stefndur átti ekki fyrir skuldum. Kveður stefndur stefnanda þá hafa fengið sér umrætt skjal og sagt sér að hafa það. Þó geti verið, að þá hafi verið gefinn út víxill til framlengingar þessu skjali og með sömu fjárhæð. Stefndur kveðst síðan hafa greitt vexti af skuld þessari. Nú fyrir nokkru hafi hann viljað gera upp öll skipti sín við stefnanda. Hafi hann þá gert tilkall til jarðarinnar og ekkert orðið úr samkomulagi. Hafi hann þá tekið það ráð að „deponera“ nefndri fjárhæð, kr. 17.000.00, á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hér í bænum, og hafði það síðan verið tilkynnt stefnanda með bréfi hinn 4. október 1945.

Sýknukröfu sína af aðal- og varakröfu stefnanda, að því er varðar jörðina, byggir stefndur á því, að með afsalinu frá 10. marz 1925 hafi hann einn og óskorað orðið eigandi hennar. Að vísu hafi svo verið um samið, að einhver maður og þá helst ófjárráða sonur stefnanda yrði meðeigandi sinn að jörðinni. Ekkert hafi þó verið fast ákveðið um þetta og aldrei síðar samið um þetta. Hjóti samkomulag þetta að vera niður fallið og komi því ekki nú til álita. Þá hefur stefndur haldið því fram, að framkoma stefnanda á undanförnum árum hafi verið þannig, að hún sé ósamrýmanleg því, að hann hafi talið sig eiganda jarðarinnar að nokkru eða öllu leyti. Þannig kveðst stefndur hafa veðsett jörðina og leigt hluta af landi hennar til langs tíma. Hafi þetta verið gert, án þess að leitað væri samþykkis stefnanda, enda hafi það verið ástæðulaust. Stefndur hafi heldur engum andmælum hreyft við þessum ráðstöfunum, þegar honum hafi orðið um þær kunnugt. Þá kveðst stefndur hafa greitt skatta og opinber gjöld af jörðinni og vexti og afborganir af veðskuldum þeim, sem á henni hvíldu. Þá hefur stefndur bent á, að hinn 15. júlí 1927 hafi seljandi jarðarinnar afsalað sér smá-landspildu, er fyrir mistök hafi fallið undan jörðinni samkvæmt afsalinu frá 10. marz 1925. Enn fremur hefur stefndur fært það fram, að stefnandi hafi alltaf framan af samið fyrir sig skattaframtöl sín. Á þeim hafi hann ætíð talið jörðina eign stefnds, en hins vegar talið fram

skuld, að fjárhæð kr. 17.000.00, við stefnanda. Í nokkur ár hafi stefnandi fengið sig til að telja skuld þessa sem skuld við þriðja mann, er stefnandi skuldaði, og muni það hafa verið gert til að veita þeim manni tryggingu fyrir þeirri skuld. Þá hefur stefndur bent á, að hann hafi notað nefnda jörð í hefðartíma fullan, ótalið af stefnanda eða öðrum.

Að því er varðar kröfu stefnanda til áhafnar, þá hefur stefndur mótmælt því, að stefnandi hafi átt hana, og hefur í því sambandi bent á, að stefnandi hafi í mörg fyrstu búskaparár hans að Helgafelli keypt af sér búsfurðir, svo sem mjólk og ull. Loks hefur stefndur bent á, að allar þær skepnur, sem hann hóf búskap með, séu nú dauðar fyrir löngu síðan.

Þegar virtar eru skýrslur aðilja og önnur gögn í málinu um samninga þeirra, þegar Helgafell var keypt, er ljóst, að stefnandi lagði fram fé til kaupanna og ætlunin var sú, að annar maður yrði talinn eigandi jarðarinnar með stefndum. Hins vegar hefur stefndur verið talinn einn eigandi jarðarinnar, frá því að hún var keypt hinn 10. marz 1925. Hann hefur búið á jörðinni, hagnýtt sér hana, veðsett hana og selt af henni ótalið af öðrum, þar til er mál þetta var höfðað. Hefur hann greitt skatta og skyldur af henni, vexti og afborganir af lánum þeim, sem á henni hvíldu, a. m. k. á seinni árum. Þegar þetta allt er virt, önnur skipti aðiljanna, sem að framan er lýst, og framkoma stefnanda á undanförunum árum, þá verður ekki talið, að stefnanda hafi, gegn mótmælum stefnds, tekizt að sanna eignarrétt sinn að jörðinni, hvorki allri né hluta hennar, enda verður ekki séð, að stefnandi geti nú eftir svo langan tíma byggt rétt á því upphaflega samkomulagi aðiljanna, að stefndur yrði aðeins eigandi jarðarinnar að hluta.

Að því er varðar kröfu stefnanda um áhöfn jarðarinnar, þá hefur hann, gegn mótmælum stefnds, ekki sannað eignarrétt sinn til hennar.

Verður því að sýkna stefndan bæði af *aðal-* og *varakröfu* stefnanda.

Þrantavarakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Samkvæmt skuldalista	kr. 11.611.19
2. Vixilskuld	— 17.000.00
3. Vextir 6% p. a. frá 31/12 '34 til 31/12 '40	— 6.120.00
4. Vextir 6% p. a. frá 1/1 '41 til 20/11 '45	— 4.986.67
5. Útborgunin á Helgafelli	— 5.000.00
6. Greiddir vextir og afborganir til Sturlu Jónssonar	— 10.793.69
7. 8 kindur	— 2.000.00
8. 5 kýr	— 2.500.00
9. 3 vagnhestar	— 900 00
10. 2 vagnar	— 300.00
11. 1 reiðhestur og 1 aktygi	— 500.00
12. Aflýsing af skuldabréfi	— 10.50
13. Þinglýsing og stimpilgjald af afsali og skuldabréfi, áætlað	— 300.00

Samtals kr. 62.022.05

Upp í þessa skuld kveður stefnandi stefndan hafa greitt kr. 17.000.00 í október 1945, og nemi því inneign sín hjá stefndum kr. 45.022.05.

Eftir atvikum þykir rétt að athuga hvern kröfulið fyrir sig.

Um 1. Stefnandi skýrir svo frá, að á árunum 1925 og 1926 hafi hann látið stefndum í té peninga, vörur og búfé. Telur hann skuld stefnds vegna þessara viðskipta nema þessari fjárhæð.

Stefndur hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum, þar sem skuldir þessar hafi að nokkru leyti verið greiddar þegar í stað og séu að nokkru leyti innifaldar í 2. kröfulið. Þá hefur stefndur mótmælt þessum kröfum sem fyrndum. Í hinum munnlega flutningi málsins mótmælti umboðsmaður stefnanda fyrningarkröfu stefnds sem of seint fram kominni. Þar sem stefndur hreyfði þessari varnarástæðu þegar í greinargerð sinni, verða þessi mótmæli stefnanda ekki tekin til greina. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að þar sem stefndur hafi greitt umræddar kr. 17.000.00 á sl. hausti, hafi hann firrt sig rétti til að bera fyrningu fyrir sig. Á þetta verður ekki fallizt, þar sem sú greiðsla var á einni ákveðinni kröfu stefnanda, svo sem rætt verður um undir 2. lið.

Þar sem skuldir þessar eru frá árunum 1925 og 1926, verða þær samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 að teljast fyrndar. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2. Hinn 31. desember 1934 samþykkti stefndur víxil að fjárhæð kr. 17.000.00, er skyldi greiðast 31. desember 1940, en stefnandi var útgefandi víxils þessa. Stefndur hefur viðurkennt að hafa skuldað fjárhæð þessa, en kveðst hafa greitt hana með áðurgreindri „depositum“ 4. október 1945. Þar sem fallast má á, að það fé hafi verið til greiðslu á skuld þessari, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3. Kröfuliður þessi er vextir af umræddri víxilskuld frá 31. desember 1934 til 31. desember 1940. Stefndur hefur haldið því fram, að vaxtakrafa þessi sé fyrnd. Með vísan til 2. tl. 3. gr. fyrningarlaganna verður að fallast á það með stefndum, að krafa þessi sé fyrnd. Verður þessi liður því þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Um 4. Kröfuliður þessi er vextir af nefndri víxilskuld frá gjalddaga víxilsins til stefnudags. Stefndur hefur mótmælt kröfu þessari sem fyrndri. Þar sem stefndur hefur viðurkennt víxilkröfuna og greiddi hana, svo sem áður greinir, þá verður ekki á það fallizt, að vextir af henni séu allir fyrndir. Telja verður samkvæmt ákvæðum 3. gr. fyrningarlaganna, að 4 ára vextir frá stefnudegi fyrra málsins séu ófyrndir. Verður því að dæma stefndan til að greiða vexti þann tíma, þó þannig, að honum ber eigi að greiða vexti eftir þann dag, 4. október 1945, sem hann tilkynnti stefnanda, að víxilfjárhæðinni hefði verið „deponerað“ í banka. Samkvæmt þessu verður stefndum gert að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið 6% árs-vexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Um 5. Stefndur hefur talið kröfulið þennan innifalinn í nefndri víxilskuld og mótmælt þessum kröfulið sem fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um 1. kröfulið hér að framan, verður að fallast á, að krafa þessi sé

fyrnd. Verður því þessi kröfuliður þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Um 6. Svo sem áður getur, gaf stefndur út skuldabréf hinn 10. marz 1925, að fjárhæð kr. 13.847.80, en skuld þessi var tryggð með 4. veðrétti í Helgafelli. Bréf þetta var gefið út í sambandi við kaup hans á jörðinni. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi að mestu leyti greitt vexti og afborganir af skuld þessari og nemi inneign sín hjá stefndum af þessum sökum hinni kröfðu fjárhæð.

Stefndur hefur haldið því fram, að allar greiðslur á skuldabréfi þessu hafi hann ýmist greitt sjálfur eða fengið stefnanda fé til að inna greiðslurnar af hendi, en stefnandi hafi síðan afhent skuldabréfseigendunum féð.

Að því er varðar lokagreiðsluna á veðskuldabréfi þessu, að fjárhæð kr. 9395.82, er fram fór 10. febrúar 1944, þá er viðurkennt af stefnanda, að stefndur hafi sumpart afhent honum fé til að greiða þetta og sumpart endurgreitt honum fé, er stefnandi lagði út vegna þessa, en stefnandi innti greiðsluna af hendi til skuldareiganda. Þessi greiðsla er ekki tekin með í þessum lið, heldur er hér um eldri greiðslur að ræða.

Gegn mótmælum stefnds hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að hann hafi innt af hendi greiðslur samkvæmt þessum kröfulið af eigin fé, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 7.—11. Stefndur hefur mótmælt þessum kröfuliðum sem röngum og fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um 1. kröfulið hér að framan, verður að fallast á það með stefndum, að kröfur þessar séu fyrndar. Verða þær því þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina.

Um 12. Stefnandi kveðst hafa greitt aflýsingargjald af skuldabréfi því, sem um ræðir í 6. kröfulið. Stefndur hefur viðurkennt, að stefnandi hafi greitt fé þetta, en haldið því fram, að hann hafi síðar endurgreitt honum það. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndur ekki sannað, að hann hafi endurgreitt stefnanda fé þetta. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina.

Um 13. Stefnandi kveðst árið 1925 hafa greitt þinglýsingar- og stimpilgjald af afsalinu fyrir Helgafelli svo og af margnefndu skuldabréfi. Stefndur hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og auk þess fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um 1. kröfulið hér að framan, verður að fallast á, að kröfur þessar séu fyrndar. Verða þær því þegar af þeim ástæðum ekki teknar til greina.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.50 með 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags og 6% ársvexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóv. 1941 til 5. okt. 1945.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndur, Niels Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigurjóni Pétursyni, kr. 10.50 með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1945 til greiðslu-

dags og 6% ársvexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Að öðru leyti skal stefndur vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 6/1949.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

gegn

Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f.

**Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.**

Skaðabótakrafa á hendur ríkissjóði út af dómaraverki héraðsdómara. Málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. janúar 1949, sem hingað barst 2. þessa mánaðar, hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði borgardómara Reykjavíkur, upp kveðnum 22. janúar síðastl., þar sem kröfu um vísan málsins: Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs — frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að fyrirsvarsmaður varnaraðilja, Þórhallur Þorgilsson, og málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, verði dæmdir í réttarfarssækt.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.